

Bekkjarnámskrá 2.- 3.bekkur

Skólaárið 2025- 2026

Íslenska

Tímabil	Lýsing	Hæfniviðmið
Haust 27.10 - 21.11	Kennsla í íslensku fer fram í þremum lotum, ein á haustönn og tveim á vorönn, fjórar vikur í senn.	Að barnið:
Vor 05.01 -30.01	Upprifjun og litlir stafir	• þekki og geti endursagt einföld hljóð og tvíhljóða • heyri og geti endurtekið fjölda atkvæða og aðra hrynjanda í tungumálinu,skipt út hljóðum, fundið rímorð,
Vor 09.03 -27.03	Lotan mun byrja á að endurtaka stafinar sem kenndir voru í fyrra, koma þeim í röð og læra stafrófið. Seinni part lotunnar kynnumst við svo litlum bókstöfum og mun það svo vera áfram stóra viðfangsefnið ársins. Eins og í fyrra erum við ennþá að fara leiðina frá myndum til ritunarinnar til lestrarins en núna meira tengt ljóðum og sögu efni ársins (dæmisögur og dýrlingasögur). Nemendurnir teikna, skrifa og lesa út frá ævintýrum og myndskreyta lotubók. Lesturinn er æfður í gegnum það efni sem við erum að skrifa sjálf. Einnig æfum við sundurgreiningu orða, að kannast við orðamynd, að skrifa ákveðin orð utan að á töflunni, að leita að möguleikum til að skipta út bókstöfum eða hljóðum í orðum. Skrift og lestur dýrðlingasagna	• þekki stafrófið, bókstafaheiti og öll hljóð- og bókstafssambönd, • geti notað og leikið sér með stafina, • geti skrifað eftir sameiginlegum texta frá töflu eða blaði, • geti formað texta og vinnubækur þar sem myndmál og texti mynda heild, • geti sett fram þekkt innihald frásagnar- og námsefnis í texta og myndum. Að barnið: • geti rætt saman um innihald og mál í söngtextum, ljóðum, reglum og frásögnum • geti formað texta og vinnubækur þar sem myndmál og texti mynda heild • geti sett fram þekkt innihald frásagnar- og námsefnis í texta og myndum • geti skrifað eftir sameiginlegum texta frá töflu eða blaði, • geti lesið þekkt vers, ljóð og söngtexta

	Viðfangsefni lotunnar verða dýrlingasögur, teikna, skrifa og lesa út frá þeim, myndskreyta lotubók. Æfa að endursegja sögu með eigin orðum, búa til texta og æfa lestur. Skrift og lestur Unnið verður áfram með sögurnar og ævintýrin, nemendur fá æfingu í að skrifa og lesa bæði í skólanum og heima.	
Stærðfræði		
15.09 -17.10	Kennsla í stærðfræði fer fram í fjórum lotum, tveim á haustönn og tveim á vorönn, 3 - 4 vikur í senn Talnagæði/Upprifjun/Arabískir tölustafir/Hugarreikningur Nemendur rifja og upp og kynnast arabískum tölustöfum 1-12 Skilningur á virði talna Hugareikningur • Klapp og stapp margföldunartafna æft. • hreyfing - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur 1 - 10 - 100, áfram og afturábak • litla samlagningartaflan • litla frádráttar taflan • margföldunartafla	Að barnið: • geti talið upp í 100 og til baka • Að nemandinn læri náttúrulegu tölurnar og eiginleika þeirra • raðað náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð

	• æfa hreyfanleika í tölunum	
24.11 -19.12	Samlagning/Frádráttur Nemendur kynnast samlagningu og frádrátt. Aðferðirnar eru æðar með fjölbreyttum hætti, í gegnum líkamann með reglubundnum takthreyfingum, með ýmsum áþreifanlegum hlutum svo sem steinum, fræjum og baunum. Allar æfingarnar gera reikning lifandi fyrir nemendur sem í framhaldi leysa skrifleg reikningsdæmi. Hugareikningur • Klapp og stapp margföldunartaflna æft. • hreyfing - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur 1 - 10 - 100, áfram og afturábak • litla samlagningartaflan • litla frádráttar taflan • margföldunartafla • æfa hreyfanleika í tölunum	Að barnið: • Að nemandinn skilji einföld hugtök innan stærðfræðinnar, svo sem stærri og minni en, að leggja saman, draga frá og samtals. • Að nemandi geti notað hugtök úr stærðfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbæri í daglegu lífi og umhverfi sínu. • Að nemandinn læri í gegnum leik og rytma um tugina og reikningsaðgerðirnar fjórar. • geti sett upp og reiknað dæmi með samlagningu með heilum tölum upp í 12 • skilji einföld textaverkefni með samlagningu og frádrætti. • geti framkvæmt einföld hugarreikning með samlagningu og frádrætti • hafi vald á margföldunartölunum upp í 10
13.4 - 8.5	Tugakerfið/Tölur upp í 100 Á vorönn kynnast nemendur tugakerfinu og halda áfram að dýpka skilning sinn á reikningsaðferðum fjórum • kynnast tugakerfi • tölur upp í 100 skriflega • samlagning yfir 10 • sléttar og odda tölur • æfa áfram margföldunartölur • æfa áfram reikningsaðferðirnar fjórir	Að barnið: • Að nemandi í gegnum leik, þulur og vísur læri um sléttar tölur og oddatölur • Að nemandi hafi innsýn í og skilning á tugakerfinu • Að nemandi geti notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna

	Hugareikningur • Hreyfing - stapp, klapp, hopp, taktfastur gangur, áfram og afturábak • Talnaþulur - 1 og upp að 100 og afturábak, telja einingar upp að hundrað og afturábak, telja tugi upp að hundrað og afturábak. • æfa margföldunartölur upp í 10 • æfa hreyfanleika í tölunum	
Formteikning		
Haust 18.8 - 12.9 Vor 11.5 - 5.6	Formfræði æfingar samþættar skrift, stærðfræði og formfræði • Athygli á samhverf form í náttúrunni • Endurtekning og eftirhermun • Speglnun • Fínhreyfingar • Teikning • Tengiskrift	Að barnið: • geti teiknað samhverfuform og leyst samhverfuverkefni, • geti gert láréttar og lóðréttar speglanir • geti teiknað algeng rúmfræðiform • kynnist möguleikum og takmörkunum beinna og boginna lína, og geti teiknað samsett form í lofti, á töflu, í sand eða á pappír • geti sett saman og teiknað beinar og bognar línur í samhverf form, um lóðréttar, láréttar sem og skásetta samhverfuása • geti teiknað endurtekin samsett, samhverf form á reglubundinn hátt þannig að jaðar myndist
Erlend tungumál		
Samþætt við öll fög	Erlend tungumál eru samþætt við flest fög. Vísur og rímur eru sungnar við tækifæri. Áhersla er lögð á ensku, sænsku og dönsku. Nemendur læra að bjóða góðan dag, að telja og segja ýmis einföld samskiptaorð. Barnaleikir svo sem söngleikir,	Að barnið: • taki virkan þátt í vinnu með leiklestur og tungumálaæfingar þar sem góður framburður er æfður í gegnum eftirhermu

	hópleikir, snúsnú og aðrir leikir þar sem talað mál er haft við leik eru samþættir við hreyfingu og talmál.	- taki virkan þátt í sameiginlegri vinnu með ljóð, vers, söng, leiki og einfaldar leikgerðir - þekki og geti hermt eftir dæmigerðum hljómfalls-mynstrum og ólíkum hljóð- og tóneiginleikum í erlenda tungumálinu - geti svarað spurningum og einföldum skilaboðum og notað nokkur almenn orðasambönd í þekktum aðstæðum, - geti farið með eða sungið nokkur hefðbundin barnalög, ljóð og vers frá málsvæðinu, - þekki og geti notað almenna kurteisisfrasa - þekki til einhverra þekktra frásagna úr frásagnarhefð málsvæðisins - kynnist dæmigerðum hefðum og venjum frá málsvæðinu.
Leiklist		
9.3 - 10.4	Nemendur setja upp leikrit sem er samþætt við íslenskukennslu. Kennari aðstoðar nemendur við handritasmíð. Nemendur taka þátt í persónusköpun og koma með hugmyndir að sviðsmynd og búningum. Leikritið er sýnt á sviði fyrir framan nemendur, foreldra og aðstandendur.	Að barnið: - sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi - notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína. - lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur, - tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi. - sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum

Hrynlist

5.1 - 30.1

2.-3. bekk verður stefnt á að vinna hrynlistina að hluta til með aðstoð einfaldrar tónlistar í ýmsu formi, t.d. við undirleik líru, klukkuspils, lítilla sembala eða píanós.

Börnin koma til með að læra að ganga eftir „ósýnilegum“ rúmfræðilegum og strúktúruðum formum, jafnvel í samræmi við hrynjanda einfaldra tónverka. Lögð verður megin áhersla á að barnið upplifi mun á beinni og boginni línu. Markmiðið er að þessi greinarmunur upplifist með öllum líkamanum sem heild frekar en einungis á vitsmunalegan hátt.

Hljóðhreyfingar tengjast sérhljóðum og samhljóðum. Allur líkaminn er notaður og eru æfingarnar bæði hugareflandi og viljastyrkjandi. Nemendahópurinn myndar stór og falleg form úr einstaklingsformum.

Efniviður er sóttur í faglotur bekkjarins að hluta til, svo sem ljóð, vísur, sögur og kvæði. Samþætting við formfræði er í gegnum hreyfingu út frá miðju og að ytri mörkum sjónsviðsins, með því að skapa hreyfingu fléttaðra og keðjuforma og hreyfingu í samhverfu. Hrynlistaræfingarnar falla að nemendum og aldursstigi þeirra.

Að barnið geti:

- tekið þátt í skapandi hrynlistar-/dansferli með jafningjum undir leiðsögn
- kennara,
- tengt saman hreyfingu og tónlist/texta í hrynlist/dansi og
- hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.

Handavinna

2. bekkur
23.11.-19.12

3. bekkur
24.11.-19.12

2.bekkur

Verkefni vetrarins er að útbúa prjóna og læra að prjóna. Nemendur fá rúnaða pinna sem þeir pússa mjög vel. Því næst læra nemendur að fitja upp á fingrum sér og þegar sú færni er orðin góð prjóna nemendur renning og nota slétt prjón. Einnig læra nemendur að skipta um líti. Nemendur prjóna úr ullarbandi. Prjónaður verður renningur sem samanstendur af 5 litum. Prjónaálfur mætir svo á svæðið og saumar saman verkið þannig út verði lítill álfur sem nemendur taka með sér heim.

3. Bekkur

Verkefni vetrarins er að læra að hekla. Loftlykkjur verða æfðar og svo tengdar í hring þannig úr verið höfuðband. Gróft ullargarn verður notað. Hekl styrkir og styður við rithönd nemandans. Hekl reynir á samhæfingu beggja handa og hugar. Listrænaauga vinnur með við litavalaval.

2. bekkur

Að barnið:

- æfi samhæfingu beggja handa og hugar
- æfi að vinna í ró og seiglu
- geti gert töfrahnút, fitjað upp lykkjur á prjón og prjónað slétt prjón

3. bekkur

Að barnið:

- kunni að búa til loftlykkjur og tengja saman í hring og hekla grunnhekl.

Smíði

2. bekkur
23.08. - 10.09

Nemendur læra á mismunandi trjátegundir og tálga álfa.

Að loknu verkefni skal nemandi:

- geta unnið með náttúrulegan efnivið á skapandi og öruggan hátt

3. bekkur 18.04. - 13.05	Nemendur hefja önnina á ævintýrlegri ferð í skóginn þar sem þeir velja sér grein úr birki til að umbreyta í persónulegan snaga. Ferðin er nýtt til að örva skynjun og tengjast náttúrunni; nemendur skoða ólíkar áferðir með lokuð augun, smakka laufblöð og kynnast skógar lífinu betur. Í smíðastofunni vinna þau svo greinarnar með einföldum handverkstækjum: tálga, pússa og móta. Áhersla er lögð á persónulega útfærslu, fagurfræði og þolinmæði í vinnuferlinu.	• sýnt þolinmæði og nákvæmni við tálgun og pússun • hannað og smíðað einfaldan hlut með persónulegri útfærslu • tekið þátt í verkefni sem tengir sköpun, skynjun og útivist
Tónlist		
18.08 - 12.09	Nemendur spila frjálst á ýmis hljóðfæri, með áherslu á pentatóníska lýru. Nemendur læra að hlusta og njóta tónlistar. Klapp og stapp notað til að finna hrynjanda í tónlist. Nemendur æfa sig að vera í takti við tónlist og samhæfa útlími við hreyfingu hrynjanda lags. Nemendur læra söngva tengt hátíðum skólaársins og einfalda röddun	Að barnið: • geti beitt röddinni á fjölbreyttan hátt í ólíkum tóntegundum og af mismunandi styrk, • geti hermt eftir einföldum töktum og laglínunum, • geti haldið sinni rödd í keðjusöng, • geti búið til og spilað einfaldar laglínur á hljóðfæri, • þekki íslenska þjóðlagatónlist.

Málun

9.2- 6.3

Nemendur kynnst töfraheimi vatnslitunar og læra að njóta fagurfræði litanna.
Nemendur mála blautt í blautt frjáls form og eftir frásögn kennarans. Dýrlingasögur og dæmisögur eru viðfangsefni myndanna.
Nemendur kynnst hreyfingu vatnslitanna og virkni þeirra

- Ljósir og dökkir litir
- Veikir og sterkir litir
- Kaldir og heitir litir
- andstæðu litir

Að barnið:

- þekki eiginleika grunnlitanna og öðlist reynslu í að blanda þeim í mismunandi samsetningar og litbrigði,
- geti tjáð innri upplifanir, ímyndanir og einkennandi eiginleika námsefnisins í sjálfstæðum teikningum,

Átthagafræði

Allt skólaárið á mánudögum

Átthagafræði tvinnast einnig inn í garðyrkju, vettvangsferðir og bekkjarferðir

Á hverjum mánudegi eru farnar tveggja til þriggja tíma nestisferðir í umhverfi skólans.

Hólar og dalir, hraun og lækir, melar og móar og skóglendi er skoðað. Gengið er á Eldfjall þar sem kletturinn Kista er skoðuð. Nemendur læra um áttirnar og helstu nöfn og hugtök fyrir fyrribærum náttúrunnar sem þau upplifa. Nemendur læra að þekkja plöntur og dýr í umhverfi sínu.

Nemendur upplifa á eigin skinni breytingu árstíðanna. Á haustmánuðum eru ber tínd og tekið með heim til te- og sultugerðar. Nemendur teikna myndir af upplifum sínum og skrifa orð og stutta skýringatexta í námsbækur.

Að barnið:

- geti búið sig til útiveru með tilliti til veðurs
- geti tekið þátt í vettvangsferðum í nærumhverfinu
- þjálfir hreyfing, úthald og þol
- þekki tré, plöntur, dýr, fugla og skordýr í nærumhverfi skólans
- þekki og noti staðarnöfn, götunöfn, nöfn bæja og annarra staða í nærumhverfinu

Umhverfismennt

25.5 -5.6

Garðyrkja

Nemendur undirbúa jarðveg og matjurtagarð fyrir sáningu.
Nemendur bera í garðinn ýmsan húsdýraáburð og stinga upp beð.
Nemendur undirbúa jarðveg og setja niður útsæði.
Nemendur sá fyrir ýmsum matjurtum svo sem rófum, gulrótum, sellerí og kryddjurtum.
Nemendur sá og fylgjast með vexti grænmetis og kryddjurta.

Að barnið:

- hafi sáð og annast plöntur í hringrás vaxtarferlisins
- sinni fjölbreyttum verkefnum í matjurtagarði skólans

Hreyfing

Allt skólaárið

Nemendur taka þátt í stýrðum leik ásamt því að leika við aðra bekki og kennara þar sem leikreglur ríkja bæði í frjálsum leik í deginum sem og í frístund eftir hádegi.

Nemendur vinna úr efnivið dagsins og búa sér til ævintýraheim þar sem frelsi sköpunar fær að blómstra.

Að barnið:

- nái tökum á fjölbreyttum hreyfingum við mismunandi aðstæður og í skipulögðu starfi,
- geti fylgt leikreglum,
- geti unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum,
- geti tekið þátt í hreyfingu sem reynir á öll skilningarvit og styrkir samhæfingu,
- geti kastað og gripið bolta í leikjum og boltaleikjum,
- geti tekið þátt í söngvaleikjum og dönsum,
- tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum

Lífsleikni

Allt skólaárið

Furudalsvika
05.10-09.10

Í Waldorfskólum er lífsleikni mjög mikilvæg. Lífsleikni er ekki kennd sem fag heldur fléttast óhjákvæmilega í gegnum allt nám í skólanum.

Hún fær fyrst og fremst að þroskast í gegnum það að framkvæma. Gegnum skólareglurnar, með því að hafa góðar fyrirmyndir, eftirfylgni og árvekni kennara.

Í 2-3.bekk eru umsjónarmenn að leggja á borð, kveikja á kertunum, taka af borði, þrifa borð og sópa. Vökva blóm, hugsa um hæurnar og hringja inn í tíma. Hlustun þjálfast m.a. í morgunhringnum, við matarborðið, í tímum þar sem rétta skal upp hönd þegar talað er.

Félagsþroski þjálfast allan daginn hjá börnunum, mest í frjálsum leik þar sem reglan er að allir megi vera með. Kennarinn er leiðbeinandi þegar kemur að lausn vandamála, en einungis ef þarf. Börnin fá næg tækifæri til þess að spreyta sig á þessu mikilvæga þroska.

Mánudagsgöngur, drekavikan, Þemadagar, Ólympiuleikar, sem og hátíðarföndur og hátíðir sjálfar eru til þess fallnar að börnin læri samvinnu þvert á árganga, samhengi, samúð og að hér hjálpist allir að við það sem gera þarf.

Furudalsvika

Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kveikja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans.